



Með innskráningu á lbs.leitir.is er hægt að:

- Fá yfirlit yfir útistandandi lán með upplýsingum um skiladag og sektir.
- Endurnýja lánin þrisvar (ef enginn er á biðlista).
- Taka frá bækur.
- Sjá síðustu 200 lánin sem búið er að skila.
- Breyta lykilorðinu og pin-númeri fyrir sjálfsafgreiðsluvél.
- Sjá sektir og gjöld sem á eftir að greiða.
- Fá upplýsingar um stöðu frátekinnna rita.
- Panta rit og ljósrit af tímaritsgreinum í millisafnaláni og fylgjast með stöðu pöntunarinnar.



Allir einstaklingar 18 ára og eldri, með lögheimili á Íslandi og íslenska kennitölu, geta tekið bækur að láni hjá Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. Bókasafnsskírteini eru gefin út á einstakling og ber eigandi skírteinis fulla ábyrgð á þeim gögnum sem hann fær að láni.

## Aðgangur

Safnið er opið öllum.

**Lánsrétt** hafa Íslenskir og erlendir ríkisborgarar, 18 ára eða eldri, með lögheimili á Íslandi og íslenska kennitölu. Aðrir sem þurfa að nota safnið í þágu háskólanáms og/eða rannsókna geta sótt um tímabundið bókasafnsskírteini.

## Bókasafnsskírteini

Lánþegar fá bókasafnsskírteini gegn framvísun skilríkja með mynd og kennitölu. Skírteini eru eingöngu gefin út til einstaklinga en ekki til stofnana eða fyrirtækja. Greitt er árgjald samkvæmt gjaldskrá. Skírteinið má endurnýja að ári liðnu sé lánþegi skuldlaus við safnið.

Þegar rit er tekið að láni skal ávallt framvísa skírteininu eða skilríkjum. Lánþegum ber að tilkynna safninu um bústaðaskipti og breytt símanúmer eða netfang sem fyrst.

Lánþegi getur sótt **stafrænt bókasafnsskírteini** á [leitir.is](http://leitir.is) með rafrænum skilríkjum. Með þeim er einnig hægt að skrá sig inn á [lbs.leitir.is](http://lbs.leitir.is) og skoða stöðu sína.

## Útlán bóka

Rit til útláns er aðallega að finna á 3. og 4. hæð safnsins, en þau eru einnig geymd í kjallara og í safndeildum. Lánþegar geta sjálfir fundið bækur í hillunum á 3. og 4. hæð en geymslubækur þarf að panta á [lbs.leitir.is](http://lbs.leitir.is) eða í afgreiðslu á 2. hæð. Hægt er að taka bækur í lán í afgreiðslum á 2. og 4. hæð. Ef rit er ekki til í safninu er hægt að panta það í millisafnaláni. Sú þjónusta er gegn gjaldi.

## Skil bóka

Bókum skal skila í afgreiðslu á 2. hæð eða í sjálfsafgreiðsluvél. Lánþegar eru vinsamlegast beðnir að bíða meðan bókunum er skilað. Þær eru á ábyrgð skírteinishafa á meðan þær eru skráðar á hans kort.

## Fjöldi útlána

Hámarksfjöldi útlána eru 50 rit í einu fyrir starfsmenn Háskóla Íslands, 20 til 30 rit í einu fyrir háskólanema og 10 rit fyrir aðra.

## Lánstími

Lánstími flestra rita er 30 dagar. Sum rit eru lánuð í styttri tíma vegna mikillar eftirspurnar. Ýmis rit safnsins eru ekki lánuð út, t.d. rit Íslandssafns, handbækur á 2. hæð, lokaverkefni og tímarit.

## Rit tekin frá

Lánþegar geta tekið frá rit á [lbs.leitir.is](http://lbs.leitir.is). Þeir fá tilkynningu með tölvupósti þegar ritið er tilbúið.

## Endurnýjun lána

Hægt er að endurnýja lán ef enginn lánþegi er á biðlista fyrir viðkomandi rit. Á [lbs.leitir.is](http://lbs.leitir.is) geta lánþegar sjálfir endurnýjað lán sín þrisvar. Hægt er að endurnýja símléiðis í síma 525 5681 og með tölvupósti á netfangið [utlan@landsbokasafn.is](mailto:utlan@landsbokasafn.is).

## Námsbókasafn

Kennarar Háskóla Íslands geta, í tengslum við námskeið sem þeir kenna, beðið um að ákveðin rit verði einungis til afnota í safninu eða lánuð í einn til sjö daga.

## Ábyrgð

Lánþegi (og ábyrgðarmaður lánþega) ber **fulla ábyrgð** á þeim ritum, sem hann fær að láni í safninu. Lán skírteinis til annarra er því á ábyrgð skírteinis-hafa. Þegar rit eru komin í **vanskil** leggjast á sektir eftir ákveðnum reglum.

## Vanskil

Ef lánþegar skila ekki safngögnum á réttum tíma leggjast á sektir vegna vanskila samkvæmt gjaldskrá. Lánþeginn getur þar að auki átt að hættu að missa lánsrétt sinn og rétt sinn til að endurnýja lán þar til hann hefur gert upp að fullu. Á skammtímalánum eru hærri dagsektir, sem eru einnig innheimtar fyrir laugardaga og sunnudaga ef skiladagur var fyrir helgina. Uppgjör sekta fer fram í afgreiðslu á 2. hæð. Ef gögnum er ekki skilað innan 2ja mánaða frá síðasta skiladegi fara þau í innheimtu hjá **Motus**.

## Meðferð rita

Lánþegar skulu sæta ábyrgð fyrir að skemma rit safnsins á einhvern hátt, t.a.m. með því að rífa úr þeim síður, skrifa í þau eða meðhöndla þau á þann hátt annan að þau beri skaða af. Skemmist bók í vörslu lánþega ber honum að bæta tjónið samkvæmt mati bókavarðar.

## Glötuð rit

Glatist rit í vörslu lánþega skal hann annaðhvort útvega safninu nýtt eintak af sama riti eða bæta tapið með greiðslu gjalds. Reynt er að meta verðmæti rita en lágmarksgjald er fyrir glatað rit.